

## Minni samdráttur í þjóðarframleiðslu Íslendinga árin 2008 og 2009 en í Finnlandi og Danmörku

Nýjar tölur um þjóðarframleiðslu og atvinnuleysi

Stefán Ólafsson

Eurostat, hagstofa Evrópusambandsins, hefur nýlega birt tölur um þróun þjóðarframleiðslu í aðildarríkjunum og fleiri löndum á árinu 2009 (sjá heimasíðu Eurostat). Hagstofa Íslands birti einnig nýlega endanlegar tölur um þróun þjóðarframleiðslunnar á Íslandi á árinu 2009. Niðurstaðan er að samdráttur þjóðarframleiðslu á Íslandi var 6,5% á árinu 2009, en á árinu 2008 jókst þjóðarframleiðslan um 1,0%. Samanlagður er samdráttur þjóðarframleiðslu á Íslandi árin 2008 og 2009 því 5,5%.

Á töflu 1 má sjá yfirlit um þróun þjóðarframleiðslu og atvinnuleysis á Norðurlöndum. Þar kemur fram að mjög mikill samdráttur varð í þjóðarframleiðslu Finna á árinu 2009, eða um 7,8%. Ísland var með 6,5%, Danmörk 5,1%, Svíþjóð 4,9% og loks varð aðeins um 1,5% samdráttur í Noregi á árinu 2009.

Ef litið er á bæði árin, 2008 og 2009 saman, þá er heildarsamdráttur þjóðarframleiðslu í kreppunni mestur í Finnlandi (6,6%) og næst mestur í Danmörku (6,0%). Ísland er í þriðja sæti með samtals 5,5% samdrátt, litlu meira en Svíþjóð (5,1%). Hagvöxtur í Danmörku hefur verið talsvert minni en á Íslandi á síðustu árum og almennt er Dönum ekki spáð miklum hagvexti á næstu árum af bæði OECD og Eurostat (sjá t.d. heimasíður Eurostat og OECD Economic Outlook).

Það er athyglisvert í ljósi hins mikla áfalls er varð með fjármálahruninu á Íslandi að samdráttur þjóðarframleiðslu skuli ekki vera meiri en raun ber vitni. Áður hafði verið spáð allt að 10% samdrætti þjóðarframleiðslu á árinu 2009 (bæði af AGS, OECD og Seðlabanka Íslands). Spáð er frekari samdrætti hér á landi á árinu 2010 og Seðlabanki Íslands hefur í janúar fært spá sína niður frá því sem áður var, m.a. vegna óvissu er tengist töfum við afgreiðslu Icesave-málsins (sjá skýrslu bankans á [www.sedlabanki.is](http://www.sedlabanki.is)).

Tafla 1: Samdráttur þjóðarframleiðslu 2008 og 2009 og atvinnuleysi í árslok 2009. Samanburður norrænu þjóðanna.


	Þróun þjóðarframleiðslu (% breyting frá fyrra ári):			Atvinnuleysi
	2008	2009	Samtals árin 2008 og 2009	Hlutfall vinnuafslán vinnu í nóv. 2009
Finnland	1.2	-7.8	<b>-6.6</b>	8.8
Danmörk	-0.9	-5.1	<b>-6.0</b>	7.1
Ísland	1.0	-6.5	<b>-5.5</b>	7.8
Svíþjóð	-0.2	-4.9	<b>-5.1</b>	8.7
Noregur	1.8	-1.5	<b>0.3</b>	3.2

Heimildir: Eurostat og Hagstofa Íslands

Taflan sýnir einnig umfang atvinnuleysis á Norðurlöndum undir lok ársins 2009. Þar kemur fram að atvinnuleysi var mest í Finnlandi og Svíþjóð, en Ísland telst vera í þriðja sæti með 7,8% fyrir fjórða ársfjórðung, samkvæmt umreikningi OECD á tölum Hagstofu Íslands. Hagstofa Íslands mældi atvinnuleysið á fjórða ársfjórðungi sem 6,7% en með stöðlunaraðferð OECD hækkar það í 7,8%. Skráð atvinnuleysi eins og Vinnumálastofnun mælir það er almennt hærra, sem nemur rúmlega 1 %-stigi. Tölur OECD eru hins vegar sambærilegastar við tölur annarra landa.


Samdráttur efnahagslífs og tengdur atvinnuleysisvandi á Íslandi undir lok ársins 2009 er því í meðallagi í hópi norrænu þjóðanna og má telja það nokkurt undrunarefni í ljósi hrunsins.

Hér eru einnig sýndar myndir þar sem Ísland er borið saman við aðrar vestrænar þjóðir. Fyrst er sýnd breyting þjóðarframleiðslu (mynd 1) og síðan umfang atvinnuleysis undir árslok 2009 (mynd 2).



Mynd 1: Samdráttur þjóðarframleiðslu í vestrænum löndum á árunum 2008 og 2009. Samanlögð magnbreyting vergrar landsframleiðslu, á föstu verðlagi, fyrir bæði árin.

Mynd 1 sýnir að Ísland er í 10. sæti af 35 löndum, þegar samdráttur þjóðarframleiðslu er metinn. Af þeim 9 þjóðum sem eru með meiri samdrátt þjóðarframleiðslu en Íslendingar standa Eystrasaltsþjóðirnar (Lettland, Eistland og Litháen) áberandi verst og samdráttur í Írlandi var einnig mikill (10,5%), eða nærri helmingi meiri en hjá Íslendingum. Finnar eru svo í 5. sæti á þessum ófaralista. Að meðaltali dróst þjóðarframleiðsla aðildarríkja Evrópusambandsins saman um samtals 3,4% á árunum 2008 og 2009.



Mynd 2: Umfang atvinnuleysis undir lok ársins 2009 (% af vinnuafli án vinnu)

Af 32 vestrænum þjóðum voru 20 þjóðir með meiri atvinnuleysisvanda en Íslendingar undir lok ársins 2009. Þjóðirnar við Eystrasalt (Lettland, Eistland og Litháen) standa verst, auk Spánverja, Íra og ýmissa þjóða í Austur-Evrópu. Meðaltal Bandaríkjanna og Evrópusambandsins er nærri 10%, eða talsvert meira en atvinnuleysi Íslendinga.

Aðlögun íslenska þjóðarbúsins í kjölfar hrunsins virðist því hafa gengið vonum framár, enn sem komið er, þ.e. hvað þjóðarframleiðslu og atvinnuleysi snertir. Þessi staðreynd ætti að auka Íslendingum bjartsýni um möguleika á öflugri endurreisn þjóðarbúskaparins.

Sjá nánar á [www.ts.hi.is](http://www.ts.hi.is). Frekari upplýsingar veitir höfundur greinarinnar (olafsson@hi.is).